

Þema: 7. bekkur 2023-2024

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Þemanám er blanda af náttúrufræði og samfélagsfræði og verður lotukennt þ.e.a.s. hvert þema er með áherslu á náttúrufræði og/eða samfélagsfræði.

Kenndar verða 4 kennslustundir á viku.

Kennarar eru: Ásgerður Elva Jónsdóttir, Kirsten Lybæk Vangsgaard og Rannveig Kristjánsdóttir

KENNSLUADFERÐIR

Leitast er við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum sem henta hverju þema fyrir sig s.s.: leitarnámi, samvinnunámi, sjálfsnámi, fyrirlestrum, tilraunum, vendikennslu, jafningjafræðslu, lausnarleitarnámi, spurnarnámi og umræðum.

Í námsgreininni er lögð áhersla á tölvu- og upplýsingatækni með það að leiðarljósi að efla færni nemenda í tölvunotkun. Í kennslunni erum við að nota Google Classroom og fleiri Google viðbætur.

Bráðgerir nemendur fá tækifæri til að dýpka sig í hverju viðfangsefni. Í einhverjum tilfellum þar sem nemendur hafa þörf fyrir aukinn stuðning gefst kostur á aðlöguðu námsefni.

Birt með fyrirvara um breytingar.

VIÐFANGSEFNI

1 MEÐ ALLT Á HREINU

- Í upphafi bæta nemendur við sig tölvufærni og rifja upp á google classroom, drive, docs o.fl.
- Nemendur læra æskileg vinnubrögð í þemanámi, s.s. verkefnaskil og undirbúning fyrir tíma.

2 TRÚIN FLYTUR FJÖLL

- Nemendur kynnast helstu trúarbrögðum heims, útbreiðslu, hefðum, hátíðum, siðum, táknum og helgiritum þeim tengdum.
- Nemendur kynnast ýmsum mannúðarsamtökum og setja sig í spor fólks í neyð.

3 GUÐ BLESSI ÞIG

- Nemendur læra um atburði sem tengjast viðburðaríka 1918, þ.e. hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum, samfélagsskipulagi og tilviljunum.
- M.a. verður fjallað um Kötlugos, frostaveturinn mikla, fullveldi Íslands og spænku veikina.
- Fjallað verður um forvarmir sem skipulagðar eru vegna náttúruhamfara.

4 Á FERÐ OG FLUGI

- Nemendur læra að setja sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.
- Þeir bera saman lífsskilyrði og búsetu manna á mismunandi stöðum í heiminum.
- Nemendur greina og fjalla um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.

5 HANI, KRUMMI, HUNDUR, SVÍN

- Nemendur kynnast hvernig lífverur eru flokkaðar í hópa eftir skyldleika.
- Nemendur læra um helstu einkenni ólíkra lífvera.
- Fjallað um hvernig umsvif mannsins ógnar líffræðilegum fjölbreytileika.

5 SPEGILL, SPEGILL

- Nemendur fjalla um ýmsa þætti sem hafa áhrif á mótun sjálfsmyndar.
- Nemendur hugleiða hverjir þeir eru í augum sjálfs síns.
- Fjallað er um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar.

Námsáætlun

Tími	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Ágúst	Með allt	<ul style="list-style-type: none">• nýtt hugbúnað/forrit við gerð og framsetningu verkefna• tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum• skilið og beitt algengustu hugtökum í samfélagsfræði er varðar trúarbragðafræði• útskýrt margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks
September	Trúin flytur fjöll	<ul style="list-style-type: none">• sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims• skilið og beitt algengustu hugtökum og heitum tengdum mannúðarmálum• tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum• skilið og beitt algengustu hugtökum og heitum tengdum bakteríum og veirum• geta framkvæmt og skráð einfaldar tilraunir á vísindalegan hátt• útskýrt og nefnd dæmi um forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara s.s. eldgos og jarðskjálftar• séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum, samfélagsskipulagi og tilviljunum.
Okt. - des.	Guð blessi þig	<ul style="list-style-type: none">• fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður• skilið og beitt algengustu hugtökum varðandi jarðfræði• útskýrt uppbyggingu og fjölgun veira og sagt frá sjúkdómum sem þær valda• útskýrt og nefnd dæmi um forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara s.s. eldgos og jarðskjálftar• útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar• tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum• útskýrt megineinkenni gróðurfars• borið saman lífskilyrði og búsetu manna á mismunandi stöðum í heiminum
Jan. - feb.	Á ferð og flugi	<ul style="list-style-type: none">• útskýrt megineinkenni loftslags• greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum• útskýrt og lesið úr loftslagsriti• tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum• skilið og beitt algengustu hugtökum og heitum í dýrafræði
Mars - apríl	Hani, krummi, hundur, svín	<ul style="list-style-type: none">• þekkt og útskýrt hvernig lífverur eru flokkaðar í hópa eftir skyldleika og helstu einkennum þeirra• útskýrt hvernig lífverur hafa þróast á jörðinni• gert grein fyrir lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum• tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum• Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast• Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda
Maí	Spegil, spegill	<ul style="list-style-type: none">• Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs síns og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast• Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar (náttúrufræði)

- Getur unnið með öðrum að lausn verkefna
- Nýtir eigin styrkleika við vinnu verkefna
- Gerir sér grein fyrir eigin ábyrgð á heilsu og velferð með ástundun heilbrigðra lífshátta
- Fær tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum og áhuga
- Getur farið eftir reglum við úrlausn verkefna
- Gerir sér grein fyrir að allir menn eru jafnir óháð kyni, kynhneigð og kynþætti
- Getur rætt um mikilvægi fjölbreytileika í lífríki dýra, plantna og manna
- Setur sér markmið við hæfi
- Getur valið sér verkefni við hæfi og valið úrlausnarform sem honum hentar
- Getur tekið afstöðu til álitamála varðandi náttúruna t.d. vegna verndunar og nýtingar náttúruauðlinda
- Virði umhverfi sitt og þær lífverur sem í því búa
- Les í náttúruna og þekkir mikilvæg hugtök hennar
- Les texta í náttúrufræði sér til gagns, vinnur með hann og útskýrir
- Nýtir hugtök og efni náttúrufræðinnar í daglegu lífi og verkefnum sem hann glímir við
- Fær tækifæri til að vinna ólík verkefni með hjálp ólíkra miðla til að auka vísindalæsi sitt
- Getur greint samspil manns og náttúru og mikilvægi náttúruverndar
- Þekkir undirstöðupætti sjálfbærrar þróunar og getur nýtt sér hugmyndir sjálfbærni í eigin lífi
- Temur sér lífsvenjur sem stuðla að eigin heilbrigði og heilbrigði náttúrunnar
- Sýnir frumkvæði og sjálfstæði við val og vinnu á verkefnum
- Sýnir áhuga og er forvitinn um umhverfi sitt og fyrirbæri í náttúrunni
- Fær tækifæri til að njóta umhverfisins og styrkja skilning sinn á því

Grunnþættir menntunar (samfélagsfræði)

- Sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum
- Fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum
- Beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum
- Fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi
- Temur sér gagnrýna hugsun og skoðun
- Fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi
- Tekur tillit til skoðana annarra
- Metur og bregðst við ólíkum skoðunum á fordómalausán hátt
- Fær tækifæri á að velja verkefni við hæfi sem hefur áhrif á útkomu
- Tekur tillit til skoðana annarra

	<ul style="list-style-type: none"> • Kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð • Lærir um lýðræði, til lýðræðis, í lýðræði • Tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu • Getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum a fordómalausan og gagnrýnan hátt • Öðlast þekkingu á menningarlæsi s.s. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> • Tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu • Nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu • Nýtir gagnvirkir námsefni
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • Notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína • Er virkur og tekur þátt í samvinnu • Nýtir tæknina á skapandi hátt
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> • Virkjar hugmyndaflugið til að vinna og finna lausnir á verkefnum • Nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Námsmat

Leiðbeinandi námsmat (leiðsagnarmat) fer fram yfir allt skólaárið. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri.

Í þema er stuðst við símat og ekkert eiginlegt lokapróf í lok annar er lagt fyrir nemendur. Símatið samanstendur af verkefnavinnu, námsmatsverkefnum, lokaverkefnum, prófum/könnunum sem hafa verið lögð fyrir nemendur.

Lokamatið ákvarðast af hæfniviðmiðum sem eru tengd við þema og sýnir hversu vel nemendum gengur miðað við hæfniviðmið tengd þema árgangsins. Með lokamati er lögð áhersla á að meta hversu vel nemendur hafa tekist að afla sér þekkingu og skilning á námsefninu og hversu vel þeim hafa tekist að beita skilning og þekkingu sinni.

- Verkefni nemenda verða metin lokið eða ólokið.
- Hæfniviðmið verða metin í bókstöfum (A, B, C, D).
- Eftir hvert þema verður gefin einkunn í bókstöfum (A, B, C, D).
- Vægi einstakra þema er:
 - Með allt á hreinu (5%)
 - Trúin flytur fjöll (10%)
 - Guð blessi þig (30%)
 - Á ferð og flugi (20%)
 - Hani, krummi, hundur, svín (25%)
 - Spegill, spegill (10%)

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hlutverk og vinnulag nemenda

Samskipti	<ul style="list-style-type: none"> • Að fara eftir fyrirmælum og virða reglur skólans • Að koma fram við aðra af virðingu og ábyrgð
-----------	---

Mæting	<ul style="list-style-type: none"> • Tekur tillit til skoðana annarra • Að mæta á réttum tíma með öll gögn.
Virgni í tímum	<ul style="list-style-type: none"> • Að sýna frumkvæði og beita gagnrýninni hugsun • Að taka þátt í umræðum og verkefnavinnu
Heimavinna	<ul style="list-style-type: none"> • Skráning heimavinnu fer fram í Mentor og Google Classroom
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	<ul style="list-style-type: none"> • Hjálpargögn s.s. hljóðbækur og rafbækur eru að finna í Google Classroom
Stoðþjónustu nemenda	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur fá meiri stuðning og námsaðstoð eftir þörfum. • Að virða skilafrest verkefna • Að fara eftir fyrirmælum og virða reglur skólans
Skyldur nemenda	<ul style="list-style-type: none"> • Að miðla þekkingu á fjölbreyttan hátt, bæði munnlega og skriflega til samnemenda og kennara • Að nemendur vita að ritstuldur verður ekki liðinn • Að mæta á réttum tíma og undirbúinn fyrir tíma
Skyldur kennara	<ul style="list-style-type: none"> • Að aðstoða nemendur eftir þörfum • Að koma fram við nemendur af virðingu og ábyrgð